

Umsögn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna vegna frumvarpa til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. 281. mál(greiðsluaðlögun), 278. mál(skuldaaðlögun) og frumvarp til laga um greiðsluaðlögun 275. mál.

Í fyrstu skal vísa til þess að 16 ólíkir aðilar koma að rekstri Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þar á meðal eru félags- og tryggingamálaráðuneyti, Íbúðalánasjóður, lánastofnanir, sveitarfélög og fleiri. Leitað hefur verið til margra þessara aðila eftir umsögn um frumvörpin og mun því Ráðgjafarstofa ekki senda frá sér formlega umsögn.

Í frumvarpi til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. 281(greiðsluaðlögun) er vikið að aðkomu Ráðgjafarstofu að framkvæmd laganna. Er kveðið á um í 5. mgr. 63. gr. c að dómsmálaráðherra geti með reglugerð komið á fót leið handa skuldara til að fá endurgjaldslausa aðstoð við undirbúning beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar og gerð fylgigagna með beiðninni. Hefur verið leitað til Ráðgjafarstofu um að taka að sér þessa aðstoð við skuldara. Ef af þessu verður er brýnt er að tími til undirbúnings verði nægur til að undirbúa þessa aðkomu stofunnar vel og tryggt sé að nægt fjármagn fái til að stofunni reynist unnt að standa undir þessu verkefni. Miðaða við núverandi efnahagsástand í þjóðfélaginu má búast við mikilli aðsókn í þetta nýja úrræði og er að mati Ráðgjafarstofu skynsamlegt að í upphafi verði ráðnir 3 starfsmenn til viðbótar á stofuna. Eru ýmis atriði sem þarf einnig að taka með í reikninginn, þ.e. þörf á stærra húsnæði, aukinn rekstrarkostnaður og fleira. Er vakin sérstök athygli á þessum þætti því að mikilvægt er að undirbúningur allur sé vandaður og þar sem miðað er við að lögin öðlist þegar gildi að þegar sé hafin vinna við hann.

Varðandi greiðsluaðlögun sem slíka fagnar Ráðgjafarstofa frumvarpinu enda hefur stofan bent á nauðsyn að úrræði sem þetta sé til hér á landi. Það markmið greiðsluaðlögunar að létta af skuldara að axla byrði af óviðráðanlegum skuldbindingum til langframa og gera greiðsluáætlun sem hann ræður við er að mati stofunnar velferðarmál. Að öðru leyti vill stofan ekki veita frekari umsögn um frumvörpin en ítrekar nauðsyn þess að undirbúningur að framkvæmd laganna verði sem bestur.